

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Álfhelli 13-15.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2025 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Álfhelli 13-15. Breytingin felur í sér að sameiginleg aðkoma að lóðum nr. 13 og 15 er felld út. Aðkoma að lóð nr. 13 verður áfram við lóðarmörkin en breikkar til austurs. Aðkoma að lóð nr. 15 færir til vesturs og þar verður ný aðkoma sett inn til viðbótar við núverandi aðkomu sem er vestan megin á lóðinni.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Selhrauns suður fyrir Norðurhelli 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2025 breyting á deiliskipulagi Selhrauns suður fyrir Norðurhelli 2. Breytingin felst í nýrri lóð undir farsímaloftnet, Suðurhella 1b, sem tekin er af núverandi lóð Norðurhelli 2. Aðkoma að lóð er frá Suðurhelli. Staðsetning lóðar er sunnan við lóðina Suðurhella 1a. Stærð lóðar er 7 x 8 m og stærð byggingarreits 5 x 6 m. Stálmastur farsímaloftnets verður 18 metrar á hæð.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. ágúst 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Aleksandra Wegrzyniak þjónustufulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 29. ágúst 2025